



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2020

2011052SA KB/vrb  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, mál nr. 300.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), mál nr. 300.


### **Ábendingar sambandsins**

Að mati sambandsins eru breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu jákvæðar. Hins vegar telur sambandið ástæðu til að nefndin taki afstöðu til þess hvort ekki þurfi að ganga lengra og gera frekari breytingar á lögnum til að bregðast við auknu atvinnuleysi og erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Eins og sambandið benti á í umsögn sinni um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025 spáir Hagstofan að atvinnuleysi í heild verði 7,8% í ár og 6,8% á því næsta. Atvinnuleysi er mjög misjafnt eftir hópum og landshlutum. Þannig er það meira meðal kvenna en karla og meira meðal yngra fólks. Sláandi er hversu mikið atvinnuleysi er meðal erlendra ríkisborgara, en Vinnumálastofnun áætlar að það verði 17% í ár og 23% á því næsta. Vinnumarkaðsaðgerðum er ætlað að ná til þeirra hópa sem höllum fæti standa á vinnumarkaði, á meðan almenn eftirspurnarstjórn er fremur til þess fallin að auka atvinnu almennt.

### *Fjárhagsaðstoð*

Náin tengsl eru á milli atvinnuleysis og fjárhagsaðstoðar. Atvinnuleysi jókst strax í kjölfar hrunsins, náði hámarki árið 2009 og gekk síðan hægt niður ár fyrir ár. Það var ekki fyrr en 8 árum eftir hrun að atvinnuleysi hafði lækkað niður í það sem var fyrir hrun. Meðfylgjandi myndir fylgdu einnig umsögn sambandsins um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025 en þar er spáð atvinnuleysi árána 2019-2026 borið saman við atvinnuleysi 2008-2015.



**Mynd 3:** Fjárhagsaðstoð og atvinnuleysi 2003-2021.

**Mynd 4:** Atvinnuleysi í tveimur kreppum.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga jókst hægar en atvinnuleysi á fyrstu árum eftir hrun og náði hámarki árið 2014 eða 6 árum eftir hrun. Ef þetta mynstur endurtekur sig má ætla að fjárhagsaðstoð vaxi á næstu árum og nái hámarki árið 2025. Tengsl eru á milli lengdar atvinnuleysisbótatímabils og útgjalda sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar, þar sem umtalverður hluti þeirra sem detta út af atvinnuleysisbótum leitar til þess öryggisnets sem felst í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Atvinnuleysi hefur einnig mikil áhrif á tekjur sveitarfélaga vegna lægri útsvarstekna og tekjutengingar við félagsleg úrræði af ýmsum toga. Félagssleg vandamál tengd langtímaatvinnuleysi auka einnig útgjöld sveitarfélaga, m.a. á sviði barnaverndar.

Hámarks lengd atvinnuleysisbóta er nú 30 mánuðir en var lengst 60 mánuðir fyrir efnahagshrunið 2008. Með vísan til framangreinds og þess að fjárhagsstaða sveitarfélaga er erfið vegna afleiðinga Covid-19 leggur sambandið til að hámarks lengd atvinnuleysisbóta verði 60 mánuðir. Þannig sé bæði komið til móts við atvinnuleitendur og sveitarfélög í erfiðu efnahagsástandi. Ef ekki reynist vera vilji til þess að lengja tímabil atvinnuleysisbóta getur einnig komið til skoðunar gagnvart sveitarfélögum að taka upp millifærslur til sveitarfélaga til að bæta þeim útgjöld vegna aukinnar fjárhagsaðstoðar. Slík aðgerð myndi ótvírætt hraða því að sveitarfélögin geti aðlagð rekstur sinn og skuldastöðu að fjármálareglum sveitarstjórnarlaga. Þessum reglum hefur nú tímabundið verið vikið til hliðar á sama hátt og fjármálareglum ríkisins.

Óháð því hvor framangreindra leiða kann að verða fyrir valinu af löggjafans hálfu þarf jafnframt að leggja áherslu á markvissar vinnumarkaðsaðgerðir á næstu misserum, þar sem sérstaklega þarf að styðja við erlenda ríkisborgara, með áherslu á að efla íslenskukunnáttu og auðvelda þeim að afla sér starfsréttinda.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri